

F U N D A R G E R Ð

15 - ÅRSPINGS

K Ö R F U K N A T T L E I K S S A M B A N D S

I S L A N D S

15. Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands var haldið að Hótel Esju 14. júní 1975, og var sett Kl. 10.00 f.h.

Formaður Körfuknattleikssambandsins Einar G. Bollason setti þingið og bauð fulltrúa velkomna, Sérstaklega bauð hann velkomna þá Gísla Halldórsson forseta ÍSÍ og Hermann Guðmundsson frambærðastjóra Íþróttasambandsins.

Kjör starfsmanna:

Hermann Guðmundsson var kjörinn forseti þingsins, og til vara Bogi Þorsteinsson. Ritari þingsins var kjörinn Gylfi Kristjánsson og til vara Sigurður Valur Halldórsson.

Kjörnar nefndir þingsins:

Kjörbréfaneftir:                   Guðmundur Þorsteinsson  
   Birgir Örn Birgirs  
   Sigurður Jónsson

Fjárhagsnefnd:                   Arnaldur Árnason  
   Gunnar Gunnarsson  
   Hilmar Hafsteinsdóttir

Laga og leikr.nefnd: Sigurður V. Halldórsson  
   Kristbjörn Albertsson  
   Jón Jörundsson

Allsherjarnefnd:               Bogi Þorsteinsson  
   Einar Bollason  
   Jón O. Ólafsson

Kjörnefnd: Kristinn Stefánsson  
 Jónas Ketilsson  
 Kolbeinn Kristinsson

Kjörbréfanefnd hóf þegar störf, og að þeim loknum  
 gerði Guðmundur Þorsteinsson grein fyrir störfum  
 nefndarinnar.

Alls bárust Kjörbréf frá 7 Héraðssamböndum, og voru  
 þau öll samþykkt án athugasemda. Fulltrúar voru  
 þessir:

|                              |   |
|------------------------------|---|
| Héraðssambandið Skarphéðinn: | Guðmundur Guðmundsson<br>Óskar Jónsson<br>Hjalti Sigurðsson   |
| U.I.A.                       | Hjálmur Flosason<br>Björn Birgirsson<br>Helgi Halldórsson   |
| K.K.R.R.                     | Kolbeinn Kristinsson<br>Þorsteinn Guðnason<br>Sigurður Halldórsson<br>Páll Júliusson<br>Birgir Guðbjörnsson<br>Ásgeir Hallgrímsson<br>Torfi Magnússon<br>Símon Ólafsson<br>Jón Jörundsson<br>Guðrún Ólafsdóttir<br>Guðmundur Þorsteinsson<br>Sigurður Þórarinsson<br>Örn Harðarsson<br>Bjarni Bjarnason<br>Sigurður Ingólfsson<br>Birgir Örn Birgirs. |

Sigurjón Ingvason  
 Jónas Ketilsson  
 Sigurður Jónsson  
 Héðinn Valdimarsson  
 Ómar Práinsson  
 Hörður Ágústsson  
 Einar Bollason  
 Gylfi Kristjánsson  
 Kristinn Stefánsson  
 Gunnar Gunnarsson  
 Jón Otti Ólafsson

**I.B.H.**

Arnaldur Árnason  
 Erlingur Karlsson

**I.B.A.**

Hörður Tulinus

**I.B.K.**

Helgi Hólm  
 Sigurður Valgeirsson  
 Guðmundur Gunnarsson

**Íþróttabandalag Suðurnesja:**

Kristbjörn Albertsson  
 Hilmar Hafsteinsson  
 Bogi Þorsteinsson  
 Jónas Jóhannsson  
 Lúðvík Jóelsson

**Skýrsla stjórnar:**

Formaður K.K.Í. Einar Bollason gerði grein fyrir skýrslu stjórnarinnar, las hana og skýrði. Skýrslan lá prentuð fyrir fundarmönnum og vísast til hennar.

**Reikningar:**

Gjaldkeri K.K.Í. Arnaldur Árnason gerði grein fyrir reikningum s.l. starfsár. Reikningarnir lágu prentaðir fyrir fundarmönnum og vísast til þeirra.

### Gísli Halldórsson.

Gísli Halldórsson forseti Í.S.Í. ávarpaði þingið. Í upphafi máls síns flutti hann kveðjur og árnaðaróskir frá Framkvændastjórn Í.S.Í. og þakkaði körfuknattleiksmönnum fyrir mikið og gott starf, eins og glöggt mætti sjá á skýrslu stjórnar, að hefði verið unnið.

Gísli ræddi um fjármál íþróttahreyfingarinnar sem ávallt væri það vandamál sem erfiðast væri við að eiga, og í beinu framhaldi ræddi Gísli um fjáröflun landsliðsmannanna sem hann kvað vera mjög athyglisverða.

Þá ræddi hann um aukna útbreiðslu körfuknattleiksins á Íslandi sérstaklega með tilliti til Minni-bolta og skólamóta. Skólamótin væru nauðsynleg. Þá ræddi Gísli einnig um fyrirhugaða stofnun Skólasambands í íþróttum. Þá ræddi hann um fyrirhugaðan skóla að Laugarvatni sem hann faðnaði og kvað þetta framtak körfuknattleiksmanna eftirbreytni vert. "Þó málið standi ekki beint vel í dag, þá leysist það vondandi farsællega, því starfssemi eins og þið ætlið að reka þarna er undirstaða mikillar og góðrar kennslu" sagði Gísli.

Gísli ræddi um sigra landsliðsins á s.l. ári. Hann minntist sérstaklega á sigurinn gegn V-Pýskalandi sem hann jafnaði fyllilega við sigur knattspyrnumanna okkar yfir A-Pjóðverjum.

"Eg vænti þess að starfið haldi áfram og körfuknattleikurinn haldi áfram að vaxa, og flyt 15. Ársþingi K.K.Í. og körfuknattleiksmönnum um allt land mínar bestu árnaðaróskir".

Helgi Hólm:

Hann færði stjórninni þakkir fyrir þinggögn sem hann kvað mjög vel unnin og aðgengileg, og flutti fráfarandi stjórn þakkir sínar fyrir mörg vel unnin störf.

Helgi ræddi um árangur landsliðsins á s.l. ári sem hann kvað vera mjög góðan, og ætti að vera mikil hvatning um að efla enn starfið. Helgi kynnti fyrir þingfulltrúum starf körfuknattleiksdeildar Í.B.K. Körfuknattleikurinn væri ung íþrótt í Keflavík, en í stöðugri framför. Einn helsti kosturinn við körfuknattleikinn væri að hann væri hægt að leika nánast í hvaða íþróttahúsi sem væri "það er allstaðar rúm fyrir tvær körfur".

Helgi harmaði það að samstarfið við Mótanefnd og Dómaranefnd hefði verið allt of stirt s.l. starfsár og það hefði leitt til mikilla erfiðleika við leiki félagsins af ýmsum ástæðum. Helgi beindi því til næstu stjórnar að þessum málum yrði að koma í betra horf.

Helgi þakkaði Gísla Halldórssyni hlý orð í garð körfuknattleikssins og lauk málí sínu með sérstökum þökkum til Einars Bollasonar.

Guðmundur Guðmundsson:

Guðmundur tók undir þakkir Helga Hólm til fráfarandi stjórnar fyrir unnin störf.

Vegna skular beirrar sem H.S.K. er skrifað fyrir í reikningum vildi hann taka fram að hann hefði aldrei séð þá happdrættismiða sem skuldin er tilkomin útaf, og lagði fram fyrirspurn um hvort aðildarfélögum HSK

hefðu verið sendir miðarnir til sölu, og þá hverjum þeirra.

Hann ræddi um sambandsleysi sitt við K.K.I. á s.l. starfsári, og hvaðst vona að þau mál yrðu í betra lagi eftirleiðis.

Einar Bollason:

Einar svaraði fyrirspurn Guðmundar varðandi happ-dærttismiðana, og kvað Birgir Porkelsson hafa tekið á móti 500 miðum til sölu fyrir H.S.K. aðra miða hefði H.S.K. ekki fengið.

Einar þakkaði Helga Hólm hlý orð í sinn garð, og að lokum sagði hann að allt yrði gert til að hafa samband K.K.I. við Guðmund betra í framtíðinni.

Reikningar og skýrsla stjórnar samþykkt mótatkvæðalaust.

Fjárhagsáætlun:

Gjaldkeri Arnaldur Arnason lagði fram fjárhagsáætlun stjórnarinnar fram til 1. júní 1976, og skýrði hana.

Einar Bollason:

Einar vakti sérstaklega athygli á því að fjárhagsáætlunin væri stefnumarkandi fyrir næstu stjórn, og menn skyldu því kynna sírr hana vel.

Tillögu um fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsnefndar.

Laga og Leikreglnabreytingar:

1. Tillaga fráfarandi stjórnar um áfrýjunarfrest til 2. dómstigs.

Einar Bollason flutti tillöguna og skýrði hana.  
Vísað til laga og leikregnanefndar.

2. Tillaga fráfarandi stjórnar um félagaskipti.  
Einar Bollason flutti tillöguna og skýrði hana.
3. Tillaga stjórnar um Mótaneft. Einar Bollason flutti tillöguna og skýrði hana.  
Vísað til Laga og leikreglnanefndar.

Tillögur um önnur mál:

1. Tillaga fráfarandi stjórnar um dómaramál.  
Einar Bollason flutti tillöguna og skýrði hana.  
Vísað til Allsherjarnefndar.
2. Tillaga fráfarandi stjórnar um þáttökugjöld.  
Einar Bollason flutti tillöguna og skýrði hana.  
Vísað til Fjárhagsnefndar.

H L E

Nefndarálit:

Fjárhagsnefnd: Arnaldur Árnason gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Nefndin lagði til að tillaga fráfarandi stjórnar um þáttökugjöld yrði samþykkt óbreytt, og var eftirfarandi tillaga samþykkt.

Tillaga um þáttökugjöld í íslandsmótum:

Þáttökugjöld verði: 1. 2. og 3. deild karla og kvenna Kr. 10.000.-

Aðrir flokkar Kr. 5.000.-

Fjárhagsnefnd lagði til að framkomin Fjárhags-  
áætlun verði samþykkt óbreytt.

Breytingatillaga:

Breytingar á upphæðum tekjuliða:

Tekjuöflun Unglingalandsliðs verði 650 þús í stað 800 þús.

Tekjuöflun Junioraliðs verði 480 þús í stað 600 þús.

Tekjuöflun Landsliðsnefnda verði 1270 " í stað 1000 "

Hlutur K.K.I. gagnvart öllum 40% skv. breytingu.

Kristinn Stefánsson

Gunnar Gunnarsson

Fjárhagsáætlun samþykkt með framkominni breytingar-  
tillögu.

Fjárhagsáætlun fram til 1. júní 1976.

Gjöld:

|                                   |                    |
|-----------------------------------|--------------------|
| Kennsla og þjálfun                | 800.000.-          |
| Stjórnunarkostnaður               | 450.000.-          |
| Húsaleiga                         | 400.000.-          |
| Landslið karla (ferðakostnaður)   | 2.100.000.-        |
| Unglingalandslið (ferðakostnaður) | 1.050.000.-        |
| Junioralið (ferðakostnaður)       | 800.000.-          |
| Útbreiðslustarfsssemi             | 400.000.-          |
| Ymis kostnaður                    | <u>300.000.-</u>   |
|                                   | <u>6.300.000.-</u> |

Tekjur:

|                             |             |
|-----------------------------|-------------|
| Útbreiðslustyrkur           | 450.000.-   |
| Tekjur af Íslandsmóti       | 300.000.-   |
| Tekjur af landsleikjum      | 800.000.-   |
| Happdrætti                  | 1.000.000.- |
| Ferðastyrkir                | 300.000.-   |
| Tekjuöflun Unglingaliðs     | 650.000.-   |
| Tekjuöflun Junioraliðs      | 480.000.-   |
| Tekjuöflun Landsliðsnefndar | 1.270.000.- |
| Sjónvarpstekjur             | 550.000.-   |
| Aðrar fjárlunarleiðir       | 500.000.-   |
|                             | <hr/>       |
|                             | 6.300.000.- |
|                             | <hr/>       |
|                             | <hr/>       |

Allsherjarnefnd:

Bogi Þorsteinsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Befndin fjallaði um tillögur fráfarandi stjórnar um dómaramál, og lagði til að hún yrði samþykkt með lítilsháttar breytingum sem nefndin hafði gert á henni, og var eftirfarandi tillaga samþykkt.

REGLUGERD UM DÓMARAMÁL Í KÖRFUKNATTLIEIK.

- Yfirstjórn dómaramála skal vera í höndum 3ja manna nefndar hverju sinni. Stjórn K.K.Í. skipar two menn í nefndina en starfandi dómrarar einn. K.K.Í. skipar formann nefndarinnar.
- Formaður nefndarinnar skal vera launaður af K.K.Í.

3. Nefndin raðar niður dómurum á alla leiki Íslandsmóta og Bikarképpni, svo og aðra leiki á vegum K.K.I.
4. Nefndin skipar dómurum í flokka, þ.e.  
1. fokks dómarí og unglingsdómarí.
5. Dómarar í 1. flokk þ.e. þeir sem dæma leiki í deildarkeppni og m.fl. kvenna skulu vera launaðir. Skal hvert félag greiða dómurum 1.000.oo Kr. fyrir hvern loik þ.e. 500.- kr til hvors, og verði greiðslan innt af hendi fyrir upphaf hvers leiks.

Verði þessu ekki sinnt, er viðkomandi dómurum heimilt að fresta leikjum.

6. Dómaranefnd setur dómurum starfsreglum í upphafi keppnistímabils, og kynnir þær félögum K.K.I.
- 

#### Laga og leikreglnanefnd:

Sigurður B. Halldórsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Nefndin lagði til að tillaga fráfarandi stjórnar um áfrýjunarfrest verði samþykkt óbreytt, og var eftirfarandi tillaga samþykkt.

#### Áfrýjunarfrestur:

Áfrýjunarfrestur til 2. dómstigs skal vera 7 dagar frá birtingu dóms.

Áfrýjunargjald skal vera Kr. 2.000.oo

---

Laga og leikreglnanefnd lagði til að tillaga fráfarndi stjórnar um Mótanefnd yrði samþykkt óbreytt, og var eftirfarandi tillaga samþykkt.

Reglugerð fyrir Mótanefnd:

1. Mótanefnd skal skipuð fulltrún 1. og 2. deildar liða, auk fulltrúa 3. deildar liða sem þess óska, og skal hún koma saman hvert ár til fundar eigi síðar en 1. júlí. Framkv.stjóri K.K.Í. skal sjá um boðun fyrsta fundar.
2. Nefndin kýs sér þriggja manna Frankvæmdanefnd, formann og two meðstjórendur.
3. Öll nefndin skal þó boðuð á fund í upphafi keppnistímabils og oftar ef þörf krefur.
4. Formaður skal hafa fastan viðtalstíma á skrifstofu K.K.Í. á meðan keppnistímabil stendur yfir, og skal hann launaður af K.K.Í:
5. Framkvæmdastjóri K.K.Í. er starfsmaður nefndarinnar sem og annara nefnda á vegum K.K.Í.

3. gr. verði 6. gr.  
o.s.frv.

Kosning:

Einar Bollason var einn í formannskjöri, og var kjör hans staðfest með lófataki fundarmanna.

Kosning stjórnar:

Eftirtaldir voru í kjöri og voru kosnir:

Páll Júlíusson  
Sigurður Halldórsson  
Erlingur Karlsson  
Gylfi Kristjánsson.

í varastjórn:            Hörður Túlinius  
                             Birgir Örn Birgirs.

Endurskoðendur:        Práinn Sigurjónsson  
                             Hólmsteinn Sigurðsson.

### I Dómstól K.K.Í.

Kjörinn var í dómstólinn til þriggja ára Kristbjörn Albertsson og til vara Guðmundur Þorsteinsson. Fyrir voru í dómstólnum þeir Hilmar Hafsteinsson til tveggja ára, og Kristinn Stefánsson til eins árs.

Kosningu fastra nefnda sem starfa milli þinga var vísað til stjórnar.

### Bogi Þorsteinsson:

Bogi flutti hinni nýkjörnu stjórn bestu kveðjur, Hann þakkaði Arnaldi Árnasyni fyrir mikil og góð störf, og bauð Pál Júliusson velkominn til starfa. Bogi ræddi um árangur landsliðsins s.l. keppnistímbil sem hann kvað hafa vakið mikla athygli erlendis.

Bogi ræddi um starfið á Ársþingun K.K.Í. sem hann kvað vera orðið það mikið að athuga bæri, með að halda 2ja daga þing í framtíðinni.

Bogi greindi frá ferð sinni til Alsír þar sem hann var fulltrúi á alþjóðaþingi körfuknattleiksmanna.

Hann ræddi um Minni-boltann og skólanót á vegum K.K.Í. og um hugsanlegt samstarf MB nefndar og Útbreiðslu-nefndar að þessum málum í framtíðinni.

Pá ræddi Bogi um bandaríkska leikmenn sem leika um alla Evrópu, og um hvort æskilegt væri að fá hingað til lands.

Einar Bollason:

Pakkaði það traust sem sér væri sýnt með því að endurkjósa hann sem formann K.K.I. Hann þakkaði Arnaldi Árnasyni fyrir frábær störf fyrir K.K.I. og bauð Pál Júliusson velkominn til starfa.

Einar bað menn um að tjá sig á þinginu hvort þeir teldu tímabært að halda Ársþingið framvegis á tveggja ára fresti, og einnig bað Einar um álit þingfulltrúa á að fá hingað erlenda leikmenn til keppni.

Bogi Þorsteinsson:

Bogi ræddi um að fá hingað til lands erlenda leikmenn og kvaðst því mjög hlynntur. Próunin væri sú að bandarískir leikmenn hofðu undantekningarlauast haft mjög örvarandi áhrif þar sem þeir leika, og svo hlyti einnig að verða hér ef til kemni.

15. Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands heimilar stjórn K.K.I. að veita erlendum leikmönnum keppnisleyfi hér á landi svo framarlega sem þeir uppfylla skilyrði alþjóða OL-nefndarinnar og reglum Íþróttasambands Íslands um þessi efni.

Samþykkt með 43 atkvæðum gegn 3.

Hermann Guðmundsson.

Hermann Guðmundsson þingforseti ræddu um tillögu Boga Þorsteinssonar um að halda í framtíðinni 2ja daga þing. Kvað Hermann það greinilegga vera orðið tímabært, svo mörg verkefni lægju ávallt fyrir þinginu.

Að lokum óskaði Hermann Guðmundsson hinni nýkjörnu  
stjórn allra heilla, þakkaði þingfulltrúm samstarfið  
og sleit síðan 15. Ársþingi Körfuknattleikssambnds  
Íslands.

Hermann Guðmundsson  
Þingforseti  
sign

Gylfi Kristjánsson  
ritari  
sign